

FUNDARGERÐ

Fundur í stjórn FÍSOS var haldinn í Listasafni Íslands þann 15. september 2011

Mættir: Jón Allansson, Guðný Dóra Gestsdóttir, Helga Vollersten, Sigríður Melrós Ólafsdóttir og Elfa Hlín Pétursdóttir á Skype.

Helga Vollersten ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Inntaka nýrra félaga.

Engar nýjar umsóknir. Jón Allansson er búinn að yfirfara félagaskrá og uppfæra heimilisföng o.fl. Ákveðið að taka félagatalið af heimasíðunni.

3. Farskólinn, rútur o.fl.

Um 100 manns eru búnir að skrá sig á farskólann. Farskólastjórnin hefur ekki skipulagt rútur. Rúta fyrir 70 manns kostar ca. 300.000 kr. Rútan í fyrra á Stykkishólm kostaði ca. 200.000 FÍSOS skipuleggur rútuna, Farskólinn heldur utan um reikninga og sendir hverju safni fyrir sig. Farskólinn er 30 ára í ár. Ath. hvort Hörður á Akureyri vilji setja saman smá myndasýningu með myndum frá síðustu 30 árum. Muna að taka dreifirit sem eru í Þjóðminjasafninu og láta fólk hafa. Einnig efni sem GDG fékk sent.

4. Aðalfundur FÍSOS:

Aðalfundur undirbúinn, farið yfir almenn fundarsköp og verður aðalfundarboð sent út hálfum mánuði fyrir fund.

5. Hlutverk og framtíð FÍSOS.

Áframhaldandi umræður frá síðasta fundi. Ákveðið að útbúa tillögur og leggja fyrir aðalfund. Senda drög með aðalfundarboði.

6. Lög FÍSOS

Lagabreyting verður send út með aðalfundarboði. .

7. Árgjald FÍSOS

Ákveðið að leggja til hækkun úr 2500 í 3000.

8. Heiðursfélagar

Tilnefningar ákveðnar.

9. Heimsókn í Náttúruminjasafn Íslands

Stjórn FÍSOS heimsótti Náttúruminjasafn Íslands og þakkar góðar móttökur.

10. Önnur mál.

- Rætt um mikilvægi þess að mótuð verði stefna fyrir Listasafn Ísland.
- Safnfræðinemar og FÍSOS. Safnfræðinemar geta gengið í FÍSOS og eru velkomnir í farskólann. Senda póst á safnafræðina (Sigurjón Baldur) Menningarmiðlunina (Eggert Þór) og listfræðina (Auður Ólafs)
- Elfa Hlín mun áfram verða vefstjóri FÍSOS en mun fá einhvern í nýrri stjórn með sér í þetta.

Næsti fundur stjórnar verður í Skagafirði.

Fundi slíti kl. 12:56.